

## Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Í umsögn Landspítala um drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn, dags. 2. febrúar 2009, eru gerðar athugasemdir við nokkur ákvæði draganna. Í frumvarpinu sem nú er til meðferðar og lagt hefur verið fyrir Alþingi, þ.e. 113. mál, heildarlög, hefur verið tekið tillit til athugasemda spítalans að miklu leyti og er það vel. Til viðbótar við fyrri athugasemdir gerir spítalinn eftirfarandi athugasemdir og leyfir einstaka vangaveltum að fylgja með.

### II. KAFLI

#### Löggiltar heilbrigðisstéttir

##### 5. gr.

###### 1. mgr.

Orðið „kennslustofnun“ eins og það er notað í ákvæðinu þykir ekki ná nægilega vel yfir menntun, en kennsla er aðeins ein leið af mörgum til menntunar. Orðið „menntastofnun“ þykir hafa þann blæ sem er til þess fallinn að ná betur til hlutverks háskóla og framhaldsskóla. Því er lagt til að í stað kennslustofnunar verði talað um menntastofnun í ákvæðinu.

###### 3. mgr.

Vegna mikilvægis þess atriðis sem fjallað er um í málsgreininni, m.a. með tilliti til öryggis sjúklinga, er talið nauðsynlegt að hnykkja á athugasemdum sem Landspítali hefur þegar gert varðandi kunnáttu umsækjenda í íslensku. Því er lagt til að í stað þess að heimilt verði að gera kröfu um tiltekna íslenskukunnáttu verði gerð krafa um að umsækjendur hafi næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli eins og nú er t.d. gert í 3. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga og 2. mgr. 2. gr. laga um félagsráðgjöf. Frá þeirri kröfu ætti að vera unnt að veita tímabundna undanþágu ef sérstakar aðstæður mæla með því, sbr. 11 gr. frumvarpsins.

##### 8. gr.

###### 1. mgr.

Í málsgreininni er fjallað um löggildingu sérfræðigreina almennt og um löggildingu nýrra sérfræðigreina. Rétt þykir að aðgreina umfjöllun um löggildingu sérfræðigreina annars vegar og veitingu sérfræðileyfis hins vegar, sem fjallað er um í 2. mgr., en heiti greinarinnar á einungis við um það sem fjallað er um í 2. mgr. Lagt er til að efni 1. mgr., þ.e. löggilding sérfræðigreina, verði í sérstakri grein sem beri heitið „löggilding sérfræðigreina“.

Tilteknar heilbrigðisstéttir, t.d. innan lyflæknisfræða, hjúkrunarfræða og ljósmóðurfræða, hafa nú þegar gert það að skilyrði að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður stundi tiltekinn hluta af sínu sérfræðinámi með formlegum hætti á Landspítala. Því þykir rétt að taka sérstaklega fram í ákvæðinu að ráðherra hafi samráð við Landspítala þegar kveða skal á um löggildingu sérfræðigreina, eða að bæta við málsgreinina „aðrar stofnanir eftir atvikum“.

##### 11. gr.

###### 2. mgr.

Í fyrri athugasemdum Landspítala komu fram tillögur um að í ákvæði um tímabundið starfsleyfi yrði kveðið á um tímamörk tímabundins starfsleyfis. Frumvarpið gerir ráð fyrir að reglugerð verði sett um framkvæmd ákvæðisins. Til að leggja áherslu á mikilvægi þess að reglugerðin kveði skýrt á um tímamörk og önnur skilyrði tímabundins starfsleyfis er lagt til að 2. mgr. verði

svohljóðandi: „Nánari ákvæði um skilyrði tímabundins starfsleyfis og framkvæmd ákvæðisins skal setja í reglugerð.“

### III. KAFLI Réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna

#### 14. gr.

Undanfarin misseri hafa starfsmenn Landspítala orðið varir við mikla aukningu á hótunum og ofbeldi af hálfu sjúklinga sem beinist að starfsmönnum. Tilvik af þessu tagi eru eins og gefur að skilja mjög erfíð viðureignar og er ekki að finna ákvæði í lögum sem fjalla sérstaklega um tilvik af þessu tagi, þ.e. réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna í aðstæðum þar sem öryggi hans og/eða lífi er ógnað. Þykir þörf á að réttarstaða heilbrigðisstarfsmanna að þessu leyti verði skýr. Lagt er til að í greinina verði bætt við ákvæði um að heilbrigðisstarfsmanni sé rétt að skorast undan störfum sé öryggi hans, heilsu eða lífi ógnað. Tillaga að slíku ákvæði er svohljóðandi (viðbót við ákvæðið): „Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans, enda séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni. Jafnframt er heilbrigðisstarfsmanni heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir sé öryggi hans, heilsu eða lífi stefnt í óyggjandi hættu.“

#### 16. gr.

##### 2. mgr.

1. mgr. er ætlað að tryggja að aðstoðarmenn og nemar hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar til að inna af hendi störf sem þeim er falið að sinna. Ákveði ráðherra að setja reglugerð um framkvæmd ákvæðisins þykir rétt að ráðherra fái umsögn frá aðilum sem best eru til þess fallnir að meta hæfni og þekkingu aðstoðarmanna og nema og þær leiðbeiningar sem nauðsynlegar teljast í þessu sambandi. Því er lagt til að við 2. mgr. verði bætt inn ákvæði um að ráðherra fái einnig umsögn frá viðkomandi menntastofnun og eftir atvikum öðrum aðilum.

#### 19. gr.

##### 1. mgr.

Ef gengið er út frá því að málsgreinin eigi einungis við um vottorð, álitsgerðir, yfirlýsingar og skýrslur um sjúklinga, sem eru þá formlegur hluti sjúkraskrár, eru ekki gerðar aðrar athugasemdir en þær að skýrar mætti kveða á um að svo væri. Hér má því varpa þeirri spurningu fram hvort að hér sé eingöngu verið að fjalla um gögn sem í heild falla undir skilgreininguna „sjúkraskrá“? Orðin „álitsgerðir“, „faglegar yfirlýsingar“ og „skýrslur“ geta hins vegar fjallað um annað en sjúklinga og má skilja málsgreinina sem svo. Í þeim tilvikum er óhæft að leggja þá kvöð á heilbrigðisstarfsmenn sem rita slíkt að einungiss sé ritað um það sem „þeir vita sönnur á“. Ritsmíðar heilbrigðisstarfsmanna, t.d. í formi skýrslna, fjalla oft og tíðum um vangaveltur, möguleika og ýmislegt annað en staðreyndir sem unnt er að færa sönnur á. Lagt er til að málsgreinin verði endurskoðuð með tilliti til þessa.

#### 22. gr.

Ekki er ljóst hvað átt er við með *alvarlegum forföllum* í ákvæðinu og er það ekki skýrt í athugasemdum við greinina. Þannig má velja því upp hvort að heilbrigðisstarfsmanni sé skylt að veita fyrstu aðstoð þrátt fyrir að hann muni með því mögulega stofna sjálfum sér í lífshættu. Kjósi hann að gera það ekki mætti telja það brot á lögum. Siðareglur heilbrigðisstétta, t.d. lækna, taka á slíkum atriðum og þykir það fullnægjandi. Lagt er til að greinin verði endurskoðuð með tilliti til þessa. Tillaga að málsgrein er: „Heilbrigðisstarfsmanni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlegu aðstoð í skyndilegum og alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, í samræmi við menntun sína og þjálfun, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli. Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan aðgerðum sé öryggi hans, heilsu eða lífi stefnt í óyggjandi hættu “

**24. gr.**

*1. mgr.*

Heiti greinarinnar er villandi og ekki augljóst hvað átt er við. Orðalagið „veiting upplýsinga um heilbrigðisþjónustu“ er mjög víðtækt og opið. Lagt er til að greinin verði eins og upphaflega í drögum að frumvarpinu, þ.e.: „Við markaðssetningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.“ Þá er lagt til að heiti greinarinnar verði eins og upphaflega var lagt til, þ.e. „Markaðssetning og auglýsingar“.

**25. gr.**

Svo virðist sem orðið „Um“ í heiti ákvæðisins sé óþarfi og lagt er til að því verði sleppt. Jafnframt er lagt til að heiti ákvæðisins verði „Vátryggingar“ eða „Vátryggingar heilbrigðisstarfsmanna“ þar sem efni greinarinnar fjallar um vátryggingar sem eiga að uppfylla skilyrði tiltekinna laga.

**26. gr.**

Ekki verður séð hvaða málefnalegu rök standi til þess að banna með lögum heilbrigðisstarfsmanni, sem náð hefur 76 ára aldri en hefur fulla færni til að reka eigin starfsstofu, að gera slíkt. Lagt er til að bætt verði við ákvæðið svigrúmi til að veita heilbrigðisstarfsmanni leyfi eftir 76 ára aldur, svo framarlega sem viðkomandi hefur fulla færni til.


**29. gr.**

*1. mgr.*

Færst hefur í vöxt að erlendir heilbrigðisstarfsmenn sækja um starfsleyfi/starfsheiti á Íslandi án þess að þeir hyggist starfa hér á landi. Fáa þeir starfsleyfi/starfsheiti hér á landi tryggir slík afgreiðsla þeim réttindi í öðrum Evrópulöndum. Sem dæmi má nefna að um tíma var mikið um umsóknir af þessu tagi frá norskum bæklunarlæknum sem komu aldrei hingað til lands til starfa. Eðlilegra er að sótt sé um viðkomandi leyfi í heimalandinu eða landinu þar sem námið fór fram eða þar sem viðkomandi hyggst starfa. Talsverð vinna er fólgin í að fara yfir gögn sem fylgja umsóknunum og þarf heilbrigðisráðuneytið gjarnan að leita til læknadeildar Háskóla Íslands og/eða Landspítala í slíkum málum. Því er lagt til að ákvæðið verði endurskoðað með tilliti til þessa. Tillaga að viðbót við 1. mgr. er svohljóðandi (feitlettrað): „...og gagnkvæma viðurkenningu starfsleyfa **enda hafi viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður verið ráðinn til starfa á Íslandi.**“

Landspítala, 7. ágúst 2009

f.h. Landspítala



Dagrún Hálfánardóttir/lögfræðingur

Afrit:

Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala